

55. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn á veitingahúsinu Lindinni á Laugarvatni, 4. janúar 2008, kl. 10.30

Fundinn sátu: Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson, Edda Antonsdóttir, Halldóra Þorvarðardóttir í forföllum Margeirs Ingólfssonar, Hilmar Jón Bragason, fltr. kennara, Arnar Ármannsson, fltr nemenda í forföllum Guðríðar Evu Þórarinsdóttur. Þá sat Guðríður Erna Halldórsdóttir, gjaldkeri mötuneytisins fundinn að hluta. Margrét Einarsdóttir tilkynnti forföll.

Dagskrá:

1. Nemendatölur og starfsmannamál
2. Reikningsskil mötuneytisins 2006-7
3. Sjálfsmat skólans – félagsmál nemenda
4. Fjárlagafrumvarpið
5. Fjárhagsáætlun 2008
6. Kynning á styrktarsjóði Kristins og Rannveigar
7. Framhaldsskólafrumvarpið
8. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Nemendatölur og starfsmannamál
Skólameistari dreifði starfsmannalista (fskj. 1) og gerði grein fyrir breytingum í hópi starfsmanna frá síðasta ári, en 3 nýir kennarar, 2 starfsmenn í eldhúsi og nýr vistavörður komu til starfa.
Páll dreifði gögnum með upplýsingum um þróun nemendafjölda, skiptingu þeirra eftir landshlutum og samantekt á einkunnum eftir brautum og árum.(fskj. 2) Hann fylgdi þessu úr hlaði.
2. Reikningsskil mötuneytisins 2006-7
Skm dreifði og fór yfir ársreikning mötuneytisins frá ágúst 2006 til júlí 2007 ásamt gjaldkera.(fskj. 3) Málefni mötuneytisins voru töluvert til um ræðu og svöruðu skm og gjaldkeri fyrirspurnum um málefni þess.
Allmikið var rætt um þjónustu þvottahúss og fyrirkomulag gjaldsetningar fyrir þá þjónustu. Vegna hallarekstrar sem er á þvottahúsi er talið nauðsynlegt að setja á að nýju grunngjald sem er fyrir utan þvottakort. Ákveðið að þetta gjald verði kr. 6500 á önn.
3. Sjálfsmat skólans – félagsmál nemenda
Páll kynnti nokkrar helstu niðurstöður úr könnun sem lögð var fyrir nemendur skólans í apríl 2007. Þá afhenti hann blað með samantekt úr könnuninni. (fskj. 4).
4. Fjárlagafrumvarpið
Skm dreifði uppl. úr fjárlagafrumvarpi 2008, og fylgdi þeim úr hlaði.(fskj. 5).

5. Fjárhagsáætlun 2008

Skm dreifði yfirlitsblaði um rekstraráætlun skólans fyrir 2008 (fskj. 6) og kynnti það sem að baki talnanna liggur, skýrði og svaraði fyrirspurnum um ýmsa þætti sem þar koma við sögu. Þá dreifði hann einnig minnisblaði þar sem fram koma upplýsingar um áætluð búnaðarkaup 2008. (fskj. 7). Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

6. Kynning á styrktarsjóði Kristins og Rannveigar

Skm dreifði skipulagsskrá fyrir sjóðinn (fskj. 8) og kynnti hana. Markmið sjóðsins er, skv. 3. gr. skipulagsskrárinnar, „*að styrkja efnilega nemendur skólans til frekara náms með fjárhagsaðstoð og um leið hvetjandi viðurkenningu fyrir dugnað og lofsverða ástundun.*“

Nefndin lýsir þakklæti sínu til þeirra hjóna Kristins og Rannveigar fyrir það framtak sem hér er um að ræða og hlýjan hug þeirra til skólans og nemenda hans.

7. Framhaldsskólafrumvarpið

Skm dreifði almennri kynningu á frumvörpum sem fela í sér nýja menntastefnu. (fskj. 9)

Umræða undir þessum lið fór fram undir hádegisverði.

8. Önnur mál

- a. Skm fjallaði stuttlega um erlend samskiptaverkefni sem verið er að vinna að innan skólans.
- b. Skm greindi frá fjárframlagi sem fengist hefur til nýbúakennslu, en við skólann eru nú 2 nemendur sem þurfa á nokkurri aðstoð að halda að þessu leyti.
- c. Skm kynnti bréf frá landlækni um viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldursinflúensu. Lagði til að betur verði fjallað um þetta mál á næsta fundi.

Fundinum lauk með hádegisverði.